


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Saga 203	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun – Haustönn 2013	

Kennari	Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is Pröstur Ásmundsson, throstur@vma.is	Sk.st.	KAH ÞRÁ
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing: Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórn mála og félagasamtaka.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Lögð er áhersla á að þjálfna nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.


Námsgögn: Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta. Mál og menning. Reykjavík 2006.

Ingunn Axelsdóttir og Þórunn Blöndal: Handbók um ritun og frágang. 7. útgáfa. Iðunn. Reykjavík 2002.

Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar. Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt lokapróf	Skriflegt lokapróf Skriflegt lokapróf. Nemandi þarf að ná 5 á lokaprófi til að standast áfangann.	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni Þjóðernisstefna. Gæta verður að meðferð og tilvísunum í heimildir.	20%
Miðannarpróf	Miðannarpróf. Skriflegt próf um miðja önn	20%
Tímaverkefni	Tímaverkefni Unnið með hugtök í sögunni.	10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Saga 203	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun – Haustönn 2013	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34	Draumar um betra líf - Inngangur	
35	Napóleonsöldin, Stjórnvöld austan hafs og vestan, Stjórnmalastefnur: Íhald, frjálshyndi og lýðræði	
36	Þjóðernisstefna og áhrif hennar, Mannréttindaþróun	
37	Draumar um réttlátt samfélag, Framfarahyggja, trú og vísindi, Nýji heimurinn	
38	Nýir hugmyndastraumar á Íslandi – Inngangur, Óvænt stjórnarbylting, Þjóðernishyggja, rómantík og lýðræðisstefna	
39	Jón Sigurðsson, Leitað að stöðu í þingbundnu konungsríki, Sjónarmið Dana, Leiðin til löggjafarvalds 1874	Skilaverkefni: Þjóðernisstefna
40	Bændalýðræði, Atvinnufrelsisþróun, Leit að frelsi í Ameríku, Frelsisbarátta tilfinninganna	
41	Heimastjórn og þingræði, Kvenfrelsisþróun, Ísland verður konungsríki	Miðannarpróf
42	Tækninýjungar til góðs og illis – Inngangur, Í aðdraganda iðnbyltingar, iðnbyltingin, Þjóðfélagsleg áhrif iðnbyltingar	
43	Verkalýðshreyfingin og barátta hennar, Ísland: Hægfararþróun á 19. öld,	
44	Vélvæðing í sjávarútvegi, nývæðing lifnaðarháttanna á Íslandi	
45	Kerfi fjögurra stjórnmalaflokka, Heimskreppan mikla, Kreppuárin á Íslandi	Verkefni um söguleg hugtök
46	Átök á heimsvísu – Inngangur, Stórveldin og staða þeirra, Heimsvaldastefnan og uppskipting Afríku	
47	Heimsstyrjöldin fyrri 1914-1918, Áhrif styrjaldar á Íslandi, Sósíalismi í einu landi, Fasisminn og nasisminn	
48	Aðdragandi síðari heimsstyrjaldar, Heimsstyrjöldin síðari, Heimsstyrjöldin á Íslandi, Lýðveldisstofnun	
49	Upprifjun	

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils